

## LÖG

### um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Þeim sem innrituðust í 180 eininga bakkalárnám til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir 1. júlí 2008 og áttu við lok vормissiris 2011 þrjátíu eða færri einingum ólokið til prófs veitist frestur til að sækja um útgáfu leyfisbréfs til kennslu í leik-, grunn- og/eða framhaldsskóla til 1. júlí 2012. Sama gildir um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum fyrir lok 1. júlí 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. september 2011.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Svandís Svavarsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 3. október 2011